

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

Helgafellshverfi, 1. áfangi – Vefarastræti 2-14.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að botnlangi milli Vefarastrætis 2-6 og 8-14 lengist til suðurs og verði aðkomuvegur að Uglugötu 14-20. Tvö ný gestastæði verða samsíða vegi.

Helgafellshverfi, 3. áfangi – Uglugata 2-22.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að raðhús að Uglugötu 14-20 fá nýjan aðkomuveg frá Vefarastræti. Botnlangi milli Vefarastrætis 2-6 og 8-14 lengist til suðurs. Tvö ný gestastæði verða samsíða vegi.

Leirvogstunguhverfi – Kiwanisreitur í Fossatungu.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að endalóðir á gildandi skipulagi, Fossatunga 30, 32 og 35, fá breytta lögun. Á þeim verður heimilt að byggja þrjú parhús í stað einbýla. Hið svokallaða Kiwanishús mun standa og núverandi lóð þess minnkuð, lóðum við götu fjölgar því um eina.

Fristundalóðir í landi Miðdals – 529-f.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skilgreina sex frístundalóðir á svæðinu. Byggingarskilmálar taka til þriggja húsa en þrjár lóðir eru óbyggðar. Stærðir og ákvæði eru í samræmi við aðalskipulag.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 17. september 2020,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2020